Íslandsmót félagsliða 2021 – Reglur og fyrirkomulag

ÍPS kynnir með stolti Íslandsmót félagsliða 2021. Íslandsmótið skiptist í A- og B- deild en hvert aðildarfélag getur skráð tvö lið til þátttöku, eitt í A og eitt í B. Allir greiddir félagsmenn hvers aðildarfélags geta tekið þátt fyrir sitt félag en það er í höndum stjórnar hvers félags að velja A lið og B lið fyrir hvern leik í deildunum. Að lágmarki þurfa 4 spilarar að keppa í A liði og 4 í B liði í hverjum leik en þeir mega vera fleiri. (Ekki er leyfilegt fyrir spilara að spila bæði í A og B á meðan deildin stendur yfir).

Öll skuldlaus aðildarfélög ÍPS hafa rétt til þess að skrá lið til leiks.

Fyrsta umferð er áætluð miðvikudagskvöldið 8. september kl. 19:30 og verða allir leikir deildanna spilaðir á miðvikudagskvöldum. Skráningu líða lýkur sunnudaginn 29. ágúst kl. 22:00 og er það á ábyrgð stjórnar hvers félags að skrá lið.

Allir leikdagar verða ákveðnir fyrirfram og er ekki hægt að fresta leikjum. Ef ekki næst að manna lið í leik dæmist sá leikur tapaður 8-0.

Notast er við Dartconnect. Stjórn hvers félags fær aðgang að bakenda deildanna og það er á þeirra ábyrgð að skrá inn leikmenn þar inn sem keppa hverju sinni. Í spjaldtölvum verður alltaf notað sama notendanafn og lykilorð og verður það gefið út síðar ásamt leiðbeiningum til að komast inná bakendann og hvernig keppendur eru skráðir til leiks.

Leikir aðildarfélaga utan af landi við lið á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni verða spilaðir „Remote“ nema félögin komi sér saman um keppnisstað. Nauðsynlegt er að notast við myndsímtal þegar spilað er „Remote“. Þar sem bæði A og B lið hvers félags spila sama kvöld er nauðsynlegt að nota tvö tæki í myndsímtalið, eitt fyrir hvort lið. Myndavél skal beint að spjaldinu og mikilvægt er að segja upphátt hvert skor og skrá skorið í spjaldtölvu áður en pílur eru teknar úr spjaldinu.

Þau lið sem nefnd eru á undan á leikskrá teljast til heimaliðs og skal leikur fara fram í þeirra aðstöðu. Ef spilað er „Remote“ spila bæði lið í eigin aðstöðu. **Heimalið skal skrá alla leiki í spjaldtölvunni í remote leikjum og er mjög mikilvægt að heimalið sé vinstra megin og útilið hægra megin.** Heimalið skrifar leiki sem þau byrja og útilið skrifa leiki sem þau byrja. Ef leikir eru spilaðir remote þá þurfa bæði lið að skrifa á sitt hvorum staðnum. Keppendur í leik er ekki heimilt að skrifa sína eigin leiki.

Eitt stig fæst fyrir sigur í hverjum leik og 1/2 stig fyrir jafntefli. Stefnt er að því að spila útsláttarkeppni að deildarkeppni lokinni. Liðið sem sigrar í A deild verður krýnt Íslandsmeistari félagsliða árið 2021. Þau tvö lið sem enda neðst í A deild falla niður í B deild og þau tvö lið sem enda efst í B deild fara upp í A deild. ÍPS mun vinna að því að fá úrslitaleik A deildar sýndan í beinni útsendingu á Stöð 2 eða RÚV

Leikir sem spilaðir eru í hverjum leik eru:
Tvímenningur 501 x2 (best af 3)
Einmenningur 501 x4 (best af 3)
Liðakeppni 501 – einn leggur í einu (best af 17)
Eitt stig fæst fyrir sigur í hverjum leik í tvímenningi og einmenningi en tvö stig fást fyrir sigur í liðakeppni. Alls eru því 8 stig í boði í hverjum leik.

Heimalið byrja alla oddatöluleiki og útilið byrja alla leiki á sléttri tölu. Ef leikir fara í oddaleggi þá skal það lið sem byrjaði þann leik búlla fyrst og gildir einungis grænt og rautt búll. Ef Liðakeppnin (best af 17) fer í oddalegg þá skal hvort lið senda einn leikmann sem spilar. Kastað er uppá hvor leikmaður byrjar að búlla.

Öll úrslit skal senda á lidamot@dart.is, (taka mynd af undirrituðu liðablaði og senda með)